

LÖGMANNA BLAÐIÐ

6. árg.

Júní

3 / 2000

Mörður lögmaður

Handhöfn lögmansréttinda

Málþing LMFÍ og Dómarafélags Íslands

Lögfræðihópur Íslandsdeildar Amnesty

Groa@leiti.is

Frá félagsdeild LMFÍ

Innanhúsmót í knattspyrnu

Útgefandi:

Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Jóhannes Karl Sveinsson hrl.

Ritnefnd:

Bjarki H. Diego hdl.

Björn L. Bergsson hrl.

Ragnar H. Hall hrl.



Ragnar H. Hall hrl.
**Nokkur orð um
lagaframkvæmd
í Hæstarétti**

—
Bls. 7

*Halldór H.
Backmann bdl.*
**Fullnaðarkvittun
og forsendur
dóma**

—
Bls. 4

*Dóra
Guðmundsdóttir*
**Réttlát
málsmeðferð
(ritdómur)**

—
Bls. 14

*Ásgeir Á.
Ragnarsson bdl.*
**New York State
Bar Exam**

—
Bls. 10

Af Merði lögmanni

Mörður hefur alla tíð verið frekar ósáttur við þá litlu virðingu sem lögmennt njóta í samfélaginu. Hann hefur ekki þorað að nefna þetta við nokkurn mann og síst af öllu við kollega sína. Mörður fór í laga-deildina til að öðlast virðingu samborgara sinna og hylli hins kynsins að loknu námi. Eftir að hann útskrifaðist hafa vonbrigðin aukist dag frá degi og það eina sem Mörður heyrir um lögmennt í samfélaginu eru lélegir brandarar þar sem lögmaðurinn er alltaf skúrurinn í sögunni. Merði þykja brandarar þessir ekki vera við hæfi.

Mörður tók þátt í hátíðarhöldum á sjómannadaginn eins og hann er vanur. Hann hlustaði á sjávarútvegsráðherra Íslands og Færeyja og varð vitni að því þegar aldraðir sjómenn voru sæmdir heiðursmerki. Ákveðin stemning var á hafnarsvæðinu í Reykjavík og venjulega á þessum degi. Að loknum hátíðarhöldum settist Mörður á kaffihús í Reykjavík og hugleiddi hvort ekki hefði verið vænlegra á sínum tíma að fara í Sjómannaskólann. Þá kom þar gamall félagi úr barnaskóla sem hafði lokið námi í Sjómannaskólanum og stundað sjóinn í allmörg ár. Sá heilsaði Merði með handabandi og lét þau orð falla að Mörður hefði nú tekið í eina af þeim höndum sem sjá fyrir öllum hinum í landinu. Mörður hugsaði sitt. Hann svaraði engu enda maðurinn tröllslegur að burðum.

Þegar maðurinn hafði lokið sér af og kvatt sauð á Merði og hann hugsaði um það hvort ekki væri hægt að fá erlenda menn til að fiska upp allan kvótann í kringum landið án þess að það myndi valda neinum vandræðum. Mörður sá ekkert því til fyrirstöðu. Hins vegar

var Mörður handviss um það að þeir sem hann innheimtir fyrir myndu taka eftir því ef skilagreinar bærust á öðru tungumáli en íslensku.

Eftir þessa ályktun létti Merði ögn andlega og hann pantaði sér annan bjór. Hugsun hans eflist og hann ákvað að bera höfuðið hátt og hætta að skammast sín fyrir sitt starf. Hann ætlaði sér nú að skrifa grein í Morgunblaðið og leggja til að árlega yrði haldið upp á lögmannadaginn. Á þeim degi yrðu heiðraðir

aldraðir lögmennt og lögmannsstofur myndu senda lið til að keppa hvor á móti annarri í stefnugerð, skikkjusundi, jeppaakstri á leiðinni Suðurlandsbraut-Skógarhlíð o.fl. sem tengist daglegum störfum lögmannta. Stofnað yrði lögmannadagsráð, reist dvalarheimili aldraðra lögmannta (DAL) og komið á fót samnefndu happdrætti sem þjóðin myndi styðja af heilum hug.

Mörður fór nú heim nokkuð léttur í bragði eftir þessar hugleiðingar. Hann fór í kvöldmat til aldraðrar móður sinnar eins og venjulega og nefndi við hana að sjálf-sagt væri að veita lög-mönnum skattaafslátt. Sá afsláttur yrði nefndur lög-mannaafsláttur. Hann væri réttlætismál þar sem þörf væri væri á uppbót til lög-

mannta vegna langrar fjarveru þeirra frá heimilum sínum dag hvern.

Móðir Marðar brást hin versta við þessum tillögum hans og sagði að lögmennt færu heim á hverju kvöldi til að sulla í bjór og brennivíni en hún vissi ekki til þess að sjómenn gætu leyft sér slíkan lúxus.

Mörður þagnaði við þessi orð og þau borðuðu þegjandi það sem eftir var af fiskisúpunni.

Hann ætlaði sér nú að skrifa grein í Morgunblaðið og leggja til að árlega yrði haldið upp á lögmannadaginn.

... sjálf-sagt væri að veita lög-mönnum skattaafslátt.

Handhöfn lögmansréttinda

Allt frá gildistöku lögmanna-laga nr. 77/1998, hefur stjórn LMFÍ óskað eftir því að dómismálaráðuneytið upplýsti hvaða störf ráðuneytið telji ósamrýmanleg handhöfn lögmansréttinda í skilningi 15. gr. laganna. Eins og kunnugt er hefur ráðuneytið aðeins birt auglýsingu um að störf við dómstóla séu ósamrýmanleg handhöfn lögmansréttinda. Auglýsing á grundvelli eldri laga tók til mun fleiri starfa eins og ég rakti í síðasta tölublaði.

Í maillok s.l. barst svarbréf dómismálaráðuneytisins við sérstöku bréfi félagsins um þetta efni. Þar kom fram að ráðuneytið væri ekki



Ásgeir
Thoroddsen,
hrl., formaður
L.M.F.Í.

*Í ljósi þessa hefur
stjórnin endurskoðað
fyrri afstöðu sína. Ekki er
lengur talin ástæða til að
amast við undanþágu-
beiðnum lögfræðinga
hjá tollstjóra eða öðrum
ríkisstofnunum*

„að svo stöddu“ reidubúið til að tjá sig um önnur störf en þau sem talin væru í fyrrnefndri auglýsingu ráðuneytisins nr. 250/1999, þ.e. störf við dómstóla.

Stjórn LMFÍ hefur rætt stöðu félagsins vegna undanþágubeiðna frá ríkistarfsmönnum í ljósi afstöðu ráðuneytisins í síðasta bréfi. Sem kunnugt er hafði félagið synjað nokkrum hópi þeirra um undanþágu. Sú synjun var ekki síst í þeim tilgangi gerð að knýja fram skýrari línur frá ráðuneytinu. Ekki fer lengur milli mála að dómismálaráðuneytið muni miða við að aðrir en þeir sem starfa hjá dómstólum, stundi störf sem samrýmanleg eru handhöfn lögmansréttinda. Í ljósi þessa hefur stjórnin endurskoðað fyrri afstöðu sína. Ekki er lengur talin ástæða til að amast við undanþágubeiðnum lögfræðinga hjá tollstjóra eða öðrum ríkisstofnunum sem óska undanþágu frá skilyrðum 1. mgr. 12. gr. lögmanna-

laga, enda fullnægi þeir að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett er fyrir veitingu slíkra undanþága.

Þessi afstaða stjórnar LMFÍ hefur verið kynnt þeim sem félagið hefur áður synjað um undanþágu.

Búast má við nokkurri fjölgun félagsmanna með nýjum kúrs. Jákvæða hlið þess er að félaginu bætist liðsauki lögmanna sem vonandi taka góðan þátt í félagsstörfum. Þá kætist gjaldkeri vegna fleiri 34.000 króna árgjalda sem bætast í kassann. Einhverjir hafa haft áhyggjur af því að fjölgun ríkisstarfsmanna í félaginu yrði svo mikil að Lögmannafélagið tapaði sýn á meginhlutverki félagsins sem snýr að réttindum og skyldum sjálfstætt starfandi lögmanna.

Þær áhyggjur virðast ástæðulausar þegar litid er til talna: Félagsmenn eru 530. Þar af eru 370 sjálfstætt starfandi eða fulltrúar þeirra, og 120 starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum. Fjórutíu lögmenn stunda ekki lögmansstörf sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum. Af þessu má vera ljóst að ekki er hætt á að valdajafnvægi í félaginu raskist. Meginstarfsemi þess mun eftir sem áður snúast um hagsmuni sjálfstætt starfandi lögmanna, einu félagsmannanna sem ekki geta starfað án réttindanna.

*En komi þeir sem koma
vilja. Vel verður tekið á
móti þeim.*

Engu skal spáð um fjölda ríkisstarfsmanna sem nú munu æskja inngöngu í LMFÍ. Það ræðst væntanlega að nokkru af því hvort stjórnarráð og ríkisstofnanir almennt greiði árgjöld LMFÍ fyrir starfsmenn sína. En komi þeir sem koma vilja. Vel verður tekið á móti þeim.

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
sími (telephone): 568-5620
bréfsími (telefax): 568-7057
tölvupóstur (E-mail): lmfí@lmfí.is
heimasíða: www.lmfí.is

Stjórn L.M.F.Í.

Ásgeir Thoroddsen hrl.,
formaður
Gunnar Jónsson hrl.,
varaformaður
Helgi Birgisson hrl.,
gjaldkeri
Ársæll Hafsteinnsson hdl.,
ritari
Valborg Snævarr hdl.,
meðstjórnandi

Starfsfólk L.M.F.Í.

Ingimar Ingasson,
framkvæmdastjóri
Jóna Kristjana Kristinsdóttir,
félagsdeild
Hildur Pálmadóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.
Ársaskrift fyrir utanfélagsmenn:
kr. 1.500 + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.
Netfang ritstjórnar: jks@landslog.is

Prentun:

Ísafoldarprentsmiðja

Umjón auglýsinga:

Öflun ehf., sími 533 4440

Fullnaðarkvittanir og forsendur dóma

Athugasemdir

Í síðasta tölublaði Lögmannsblaðsins birtist grein eftir Reimar Pétursson hdl., undir yfirskriftinni: „Einföld fullnaðarkvittun lögmanns“. Gerir höfundurinn að umtalsefni hvert gildi fullnaðarkvittana er fyrir lögskipti aðila. Tveir nýlegir dómar Hæstaréttar eru gerðir að umtalsefni og niðurstaða réttarins um gildi fullnaðarkvittana er gagnrýnd í báðum tilfellum af hálfu höfundar. Nánar tiltekið er um að ræða dóm réttarins frá 3. febrúar 2000 í máli nr. 371/1999 og dóm réttarins frá 24. febrúar 2000 í máli nr. 372/1999. Umfjöllun um síðarnefnda dóminn er einmitt kveikjan að þessum greinarstúf, en sá sem þetta ritar hefur gætt hagsmuna starfsmannsins, gagnáfrýjanda í málinu, sem gerði kröfu um miskabætur byggða á tilhæfulegri þjófkenningu og röngum sakargiftum.

Í umfjöllun sinni um dóm Hæstaréttar í máli nr. 372/1999 lætur höfundur ógert að geta nokkurra veigamikilla staðreynda málsins

Fræðilegar vangaveltur og mál-efnaleg gagnrýni á störf dómenda, bæði í héraði og í Hæstarétti, er almennt af hinu góða. Hins vegar er nauðsynlegt, ef gagnrýna á niðurstöðu dómenda eða forsendur þeirra, að getið sé allra þeirra atriða sem þar liggja til grundvallar. Í umfjöllun sinni um dóm Hæstaréttar í máli nr. 372/1999 lætur höfundur ógert að geta nokkurra



Halldór H. Backman hdl.

veigamikilla staðreynda málsins og atriða sem Hæstiréttur beinlínis fjallar um í forsendum sínum um gildi fullnaðarkvittunar. Óhjákvæmilegt er því að bæta hér úr, þó ekki væri nema til að gefa lesendum kost á að meta niðurstöðu réttarins í réttu ljósi:

1 Þegar í upphafi var málið aðgreint í tvo hluta af hálfu þáverandi lögmanns starfsmannsins. Þannig voru annars vegar gerðar kröfur um laun í uppsagnarfresti og hins vegar var áskilinn allur réttur til að kæra forsvarsmenn vinnuveitanda sérstaklega fyrir að hafa í frammí rangar sakargiftir og þjófkenningu á hendur starfsmanninum.

2 Í kjölfar þeirrar upphaflegu aðgreiningar sem gerð var, sbr. 1. liður, var vinnuveitandanum stefnt, en þá eingöngu til greiðslu launa í uppsagnarfresti og engum gat dulist, að þar væru ekki til umfjöllunar hugsanlegar kröfur starfsmannsins eða aðrir þættir málsins sem tengdust þjófkenningu og röngum sakargiftum.

3 Umrætt launamál var fellt niður eftir að vinnuveitandinn greiddi launakröfu starfsmannsins til lögmanns hans og gegn þeirri greiðslu var gefin út fullnaðar-

kvittun. Hins vegar var beinlínis tekið fram í kvittuninni að um fullnaðargreiðslu á vangreiddum launum væri að ræða.

Hér er því varla um stefnubreytingu Hæstaréttar að ræða heldur misskilning við túlkun á dómi

Framangreindar staðreyndir koma hvergi fram í umræddri grein. Þvert á móti er vitnað beinlínis í eina setningu úr forsendum dómsins án tillits til samhengis eða annars sem fram kemur í sömu greinarskilum um þetta atriði. Um gildi hinnar svokölluðu fullnaðarkvittunar eru forsendur Hæstaréttar þessar: „*Af hálfu aðaláfrýjenda [vinnuveitandinn og forsvarsmenn þess félags] er á það bent, að í erindum gagnáfrýjanda [starfsmaðurinn] vegna uppsagnarinnar hafi aldrei verið lýst kröfu um miskabætur fyrr en í kröfubréfi, sem ritað var þann 30. nóvember 1998, og enginn áskilnaður hafi verið gerður um frekari kröfur; þegar ádurgreint dómsmál var fellt niður og dómkröfan gerð upp gegn fullnaðarkvittun. Andspænis þessu er á það að líta, að gagnáfrýjandi bar í öndverðu ekki aðeins fram kröfu um laun til loka uppsagnarfrests, heldur gaf hann einnig til kynna, að kært yrði fyrir rangar sakargiftir; og fylgdi því síðar eftir í verki. Þegar dómsmálið var höfðað var lögreglurannsókn enn ólokið og*



FÁÐU UPPLÝSINGARNAR Á HEIMASÍÐUNNI

Þú getur m.a. nálgast eftirfarandi:

- Alla uppkveðna dóma réttarins frá 1. janúar 1999
- Dóma sem birtir eru í beinu framhaldi af dómsuppkvaðningu
- Upplýsingar um hvaða málum hafi verið áfrýjað til réttarins
- Upplýsingar um hvaða mál verði flutt á komandi vikum
- Upplýsingar um sögu, samsetningu og starfsemi réttarins
- Upplýsingar um Hæstarétt á ensku



HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

Dómshúsinu við Arnarhól, Lindargötu 2 • Sími: 510 3030

ekki óeðlilegt að einskorða kröfugerð við fjártjón vegna brigða á samningsbundnum réttindum hans. Málið var ekki leitt til lykta með skriflegri sáttargerð innan eða utan réttar, heldur var fellt niður á dómþingi í kjölfar greiðslu frá Flugafgreiðslunni ehf., sem

þar var ein í fyrirsvari, án þess að nokkuð væri bókað um afstöðu aðila til sakarefna þeirra í milli. Kvittun til aðaláfrýjenda fyrir greiðslunni var einföld fullnaðarkvittun lögmanns fyrir uppgjöri á málinu, og verður henni ekki ætlað sérstakt gildi umfram það. [...]“

Í stað þess að fjalla um forsendur Hæstaréttar í heild velur höfundur að vísa eingöngu til síðustu setningarinnar í framanrituðum texta og með því er látið ógefið veigamikilla forsendna réttarins fyrir gildi fullnaðarkvittunarinnar. Ekki fæst betur séð en að rétturinn telji að fullnaðarkvittun lögmanns geti eingöngu gilt um það sakarefni sem beinlínis leiðir til útgáfu hennar, nema að í henni felist einnig berum orðum afsal á öllum öðrum kröfum milli sömu aðila. Þannig virðist rétturinn líta svo á að fyrst aðilum var kunnugt um að aðrir þættir málsins voru ófrá-gengnir og þar sem kvittunin er eingöngu gefin út og ber með sér móttöku á greiðslu launa í uppsagnarfresti sé gildi hennar þar með afmarkað. Um *einfalda fullnaðarkvittun lögmanns* er því að ræða. Hér er því varla um stefnubreytingu Hæstaréttar að ræða heldur misskilning við túlkun á dómi réttarins sem óhjákvæmilegt er að leiðrétta.

Styrkur til námsdvalar hjá þýskri lögmannsstofu

Lögmannsstofan Dres. Dabelstein & Passehl, sem hefur skrifstofur bæði í Hamborg og London, býður ungum íslenskum lögfræðingum að sækja um styrk til þriggja vikna námsdvalar í höfuðstöðvum lögmannsstofunnar í Hamborg, dagana 25. september til 15. október n.k. Tilgangur styrkveitingarinnar er að auka skilning erlendra lögfræðinga á þýskum lögum og lagaframkvæmd á sviði sjóréttar og sjótryggingaréttar, auk þess að leggja grunn að alþjóðlegu samstarfi lögmannsstofa, sem starfa á þessu réttarsviði.

Styrkfjárhæðin er DM 2.500, auk þess sem styrkþegi fær útvegað húsnæði og greiddar ferðir innan Hamborgar, meðan á námsdvöl stendur.

Umsækjendur skulu ekki vera eldri en 32 ára og með hámark fjögurra ára starfsreynslu á sviði lögfræði.

Umsóknunum, ásamt upplýsingum um menntun, starfsferil og ástæður umsóknar, ber að skila fyrir 1. ágúst n.k. á eftirfarandi póstfang:

Dabelstein & PassehlC/o. Dr. Jan DreyerGrosse Elbstrasse 36,
D-22767 HamburgGermany.

Nánari upplýsingar um námskeiðið er hægt að nálgast á skrifstofu LMFÍ.

Frá ritstjórn

Einhver hefur e.t.v. tekið eftir því að ný ritnefnd tók við stjórn útgáfu Lögmannsblaðsins um síðustu áramót. Er þetta tölublað hið þriðja frá áramótum. Engar stórvægilegar breytingar hafa orðið á útliti eða efnistöku í blaðinu, enda ekkert sérstakt tilefni til slíks að mati nefndarinnar. Ábendingar um forvitnilegt efni og nýmæli eru hins vegar vel þegnar af ritstjórn.

Segja má að hlutverk blaðsins

sé í meginatriðum tvenns konar: Annars vegar ber það tilkynningar og fréttir frá LMFÍ eða af atburðum sem tengjast störfum lögmannna. Hins vegar er ljóst að blaðið er tilvalinn vettvangur fyrir lögmennt að koma á framfæri skoðunum á viðfangsefnum sínum í víðum skilningi. Umfjöllun og jafnvel skoðanaskipti um dóma og lagaframkvæmd er velkomin á síður blaðsins svo og ábendingar um það sem betur má fara á starfsvettvangi okkar. Lög-

menn luma á ýmsu forvitnilegu sem á erindi í blaðið, á því leikur ekki vafi.

Lögmennt eru því hér með hvattir til dáða á ritvellingum. Stærðarmörk greina eru 2-3 bls. (á A-4) og þeim má koma til skila á skrifstofu LMFÍ eða til ritnefndarmanna. Fyrirhugað er að gefa út tvö tölublöð í haust, hið fyrra í byrjun október og seinna í lok nóvember. Skilafrestur greina er þremur vikum fyrir útgáfudag.

Nokkur orð um lagaframkvæmd í Hæstarétti

Þegar lögmaður tekur að sér rekstur dómsmáls ber honum að gera umbjóðanda sínum grein fyrir öllu því sem þýðingu hefur fyrir hagsmuni hans. Lögmanninum ber að skýra út fyrir umbjóðandandum hvernig rekstur máls gengur fyrir sig, hvaða atriði geta haft áhrif á kostnað af málaferlum, hvernig þóknun verði reiknuð og hvernig dómstóllinn starfar. Þegar umbjóðandinn vill ekki una niðurstöðu héraðsdóms vakna oft spurningar um það, hvernig mál gangi fyrir sig í Hæstarétti, t. d. um meðferð beiðni um áfrýjunarleyfi, hvort unnt sé að koma að nýjum gögnum við meðferð málsins eða hvort hægt sé að koma í veg fyrir framlagningu nýrra gagna, og hve margir dómarmuni taka þátt í meðferð máls fyrir Hæstarétti. Ég tel að lagaframkvæmd í Hæstarétti, a. m. k. í seinni tíð hafi verið með þeim hætti að svör lögmannna við spurningum um þessi atriði hljóti að ráðast meira af tilfinningu í hverju tilviki heldur en að hægt sé að svara þeim með beinni lagatúllkun.

Þessi pistill er fyrst og fremst hugleiðing höfundar og byggist ekki á neinni rannsóknarvinnu, enda er óhægt um vik fyrir utanaðkomandi aðila að framkvæma einhvers konar úttekt á lagaframkvæmd í Hæstarétti. Því verður hins vegar ekki neitað, að altalað er í hópi lögmannna, að umtalsvert ósamræmi í lagaframkvæmdinni geri mönnum erfitt fyrir um að svara spurningum um slík efni öðru vísi en svo, að það verði bara að koma í ljós hvernig rétturinn muni taka á viðfangsefninu.

Áfrýjunarleyfi

Nokkur umræða átti sér stað í sínum tíma, þegar ákveðið var að hækka áfrýjunarfjárhæð verulega frá því sem áður hafði verið. Ýmsir töldu þá að réttaröryggi væri skert með því að takmarka aðgang manna að áfrýjunardómstóli, en gagnrök voru einkum þau að ekki mætti kaffæra slíkan dómstól með smámálum sem litla almenna þýðingu hefðu og vörðuðu ekki verulega hagsmuni viðkomandi aðila. Heimildir til að veita áfrýjunarleyfi mundu auk þess tryggja réttaröryggið nægilega vel og menn mundu fá að koma málum sínum fyrir dómstólinn ef þau teldust hafa almenna þýðingu.

Dómstig eru tvö hér á landi. Meginreglan er sú að menn eigi þess kost að áfrýja héraðsdómi, en frá þeirri meginreglu eru undantekningar. Samkvæmt viðurkenndum lögskýringaregglum ber að túlka slíkar undantekningarreglur þröngt.

Mér hefur virst sem Hæstiréttur hafi í framkvæmd gert strangari kröfur til veitingar áfrýjunarleyfa en gera

hefði mátt ráð fyrir með skýringu á 152. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, en greininni var breytt með 6. gr. laga nr. 38/1994 og er svohljóðandi:

- 1. Nú varðar mál fjárkröfu og er það þá skilyrði áfrýjunar að fjárbæð bennar nemi 300.000 krónum. Þessari fjárbæð skal breyta um hver áramót miðað við breytingu á lánskejaravísitölu frá 1. júlí 1992, en dómsmálaráðherra auglýsir í Lögbirtingablaði nýja fjárbæð ekki síðar en 10. desember ár hvert.*
- 2. Áfrýjunarfjárbæð skal ákveða eftir höfuðstól kröfu í áfrýjunarstefnu. Ef fleiri kröfur en ein eru sóttar saman í máli skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárbæðar. Hafi gagnkrafta verið höfð uppi til skuldajafnaðar skal ekki litið til bennar við ákvörðun áfrýjunarfjárbæðar.*
- 3. Ef mál varðar annars konar kröfu en fjárkröfu ákveður Hæstiréttur hvort hagsmunirnir svári til áfrýjunarfjárbæðar. Áður en ákvörðun er tekin getur Hæstiréttur leitað umsagnar málsaðila.*
- 4. Nú nær krafa ekki áfrýjunarfjárbæð eða Hæstiréttur telur hagsmuni ekki nægja til áfrýjunar skv. 3. mgr. og getur hann þá orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja máli ef einhverju eftirtalinna skilyrða er fullnægt:*
 - a. úrslit málsins bafa verulegt almennt gildi,*
 - b. úrslit málsins varða mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis,*
 - c. ekki er útilokað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að dómi kunni að verða breytt svo að einhverju nemi.*

Umfjöllunarefnið hér lýtur að beitingu 4. mgr. Þetta ákvæði er að því leyti óvenjulegt, að heimild er veitt í öðru orðinu með því að einhverju lagaskilyrðanna sé fullnægt, en í hinu orðinu er heimildin tekin aftur með því að dómstóllinn hafi það á valdi sínu að synja um leyfið þó svo að lagaskilyrðin séu uppfyllt, sbr. orðalagið „... getur hann þá orðið við umsókn ...“.

Við beitingu Hæstiréttar á þessu ákvæði þarf dómurinn að byrja á því að kanna, hvort eitthvert þeirra lagaskilyrða er uppfyllt sem talin eru í a, b eða c-lið greinarinnar. Komist dómurinn að því að svo sé, þá er tekin ákvörðun um hvort dóminum þóknast að veita leyfið. Hvaða rök standa til þess að hafa þetta svona? Er ekki nóg að Hæstiréttur leggi mat á það hvort lagaskilyrði séu fyrir hendi - þarf hann líka að hafa einhvers konar velþóknun á málstaðnum? Hér er að mínu áliti augljós agnúi á þessu lagaákvæði sem þarf að lagfæra.

Svo að vikið sé að skilyrðum a, b og c-liða þessarar lagagreinar, þá er það augljóslega oftast matskennt, hvaða úrslit máls teljast hafa „verulegt almennt gildi“. Sennilega horfir það mat oft öðruvísi við umsækjanda áfrýjunarleyfis en gagnaðila hans, og menn verða þá að meta viðfangsefnið í víðara samhengi. Þegar metið er hvort úrslit máls varði „mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis“ ber augljóslega að beita annarri mælistiku. Sjálfur telur undirritaður liggja beint við að álykta, að enginn leggi á sig þá fyrirhöfn og þann kostnað sem áfrýjun fylgir án þess að hann telji að mikilvægir hagsmunir hans séu í húfi. Frá því eru sjálfsagt undantekningar, en þær hljóta að vera nokkuð augljósar þeim sem framkvæmir matið. Auðvitað gerir lagatextinn ekki ráð fyrir að mat umsækjandans sé nægilegt. Ákvæði c-liðarins er að því leyti sérstætt, að dómurinn þarf að skoða málstaðinn sjálfan og taka einhvers konar bráðabirgðaaftöðu til þess hvernig málið kunnir að fara, verði það dæmt í Hæstarétti. Mér þykir þetta svolítið framandi, en aftur finnst mér vanta í greinina einhvers konar viðmiðun um það hvort umtalsverð eða veruleg lögfræðileg vafaatriði séu í málinu.

Í skýrslu Hæstaréttar fyrir árið 1999 er að finna m. a. upplýsingar um fjölda beiðna um áfrýjunarleyfi og afgreiðslu þeirra. Þar eru þessi atriði dregin saman í eftirfarandi töflu:

Ár:	1995	1996	1997	1998	1999
Fjöldi beiðna	41	52	68	54	63
Samþykkt	16	24	35	14	24
Hafnað	25	21	26	32	34
Afturkallað/óafgreitt	0	7	7	8	5

Taflan tekur bæði til einkamála og opinberra mála, en leyfi þarf til að áfrýja opinberum málum ef viðurlög eru sektir sem ekki ná áfrýjunarfjárhæð. Af þessum upplýsingum sýnist mér sem menn verði að fara gegnum þröngt nálarauga með slík mál. Mér hefur líka virst sem ríkisvaldið eigi greiðari leið en aðrir um þetta nálarauga, en ég áréttá að sú skoðun er ekki byggð á rannsóknum eða gögnum frá dómstólum. Fróðlegt væri að fá samanburð um það, hver afdrif slíkra beiðna eru annars vegar frá ríkisvaldinu og hins vegar frá öðrum.

Í 154. gr. laga nr. 91/1991 er fjallað um umsóknir um áfrýjunarleyfi og meðferð þeirra. Sú grein er svohljóðandi, sbr. 8. gr. laga nr. 38/1994:

- 1. Sá sem leitar áfrýjunarleyfis skv. 152. eða 153. gr. skal senda Hæstarétti skriflega umsókn um það ásamt áfrýjunarstefnu sem hann vill fá gefna út og endurriti beraðsdoms. Í umsókninni skal rökstutt útarlega hvernig umsækjandi telur skilyrðum fyrir áfrýjunarleyfi fullnægt.**
- 2. Hæstiréttur getur gefið öðrum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn áður en ákvörðun er tekin.**
- 3. Synji Hæstiréttur um áfrýjunarleyfi getur sami aðili ekki sótt um það öðru sinni.**
- 4. Nú er áfrýjunarleyfi veitt og skal þá gefa út áfrýjunarstefnuna sem fylgdi umsókn og árita hana um leyfisveitinguna. Hæstiréttur verður ekki krafinn um rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun.**
- 5. Ef synjað er um áfrýjunarleyfi skal þeim sem sótti um það tilkynnt bréflaga um þá niðurstöðu. Í tilkynningunni skal greint frá ástæðum fyrir synjuninni.**



The Legal Workshop

We are a Training Company organising Training Courses
for Lawyers Specialising in International Cross-Border Legal Work
We have a wide portfolio of courses covering

Negotiating and Drafting International Contracts
Arbitration and Dispute Resolution
Contracts Governed by the Common Law
English Banking Law
Liability and Damages
Strategic Alliances

And much more

Why not visit our Website

Or contact us by email, telefax or telephone,

www.thelegalworkshop.com

email: thelegalworkshop@aol.com

telefax: 00 44 20 8505 0022 telephone: 00 44 20 8505 4110

Hér eru strangar kröfur gerðar til umsækjandans um að gera skýra grein fyrir röksemdum í umsögn sinni. Það er líka eins gott fyrir hann, því að samkvæmt 3. mgr. verður slíki umsögn aðeins svarað einu sinni! Hins vegar eru ekki jafnstrangar kröfur gerðar til dómstólsins um það, hvernig grein skuli gerð fyrir afstöðu réttarins til umsóknarinnar. Í 5. gr. segir að vísu, að greint skuli frá ástæðum fyrir synjuninni. Hæstiréttur hefur talið nægja að skýra ástæður synjunar með einni setningu: Ekki þykja vera fyrir hendi lagaskilyrði til að verða við beiðninni.

Mér finnst það stundum eins og það gleymist, að umsækjendur um áfrýjunaleyfi telja hagsmuni sína krefjast þess að beiðni sé samþykkt og að eðlilegt sé að þeir fái rökstuðning fyrir ákvörðun eins og þessari. Lögmanni sem sett hefur slíka umsókn fram og fær synjun með slíkum „rökstuðningi“ er nokkur vandi á höndum þegar hann þarf að útskýra afgangslösluna fyrir umbjóðanda sínum, ekki síst þegar svo stendur á að gagnaðilinn hefur ekki lagst gegn umsókninni.

Ég tel brýna nauðsyn bera til að breyting verði á vinnulagi við meðferð og afgreiðslu erinda eins og þeirra sem hér hafa verið gerð að umtalsefni.

Þrír, fimm eða sjö

Í 1. mgr. 7. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 segir m.a.:

Eftir ákvörðun forseta taka þrír eða fimm dómara við Hæstarétt hverju sinni þátt í meðferð máls fyrir dómi. Í sérlega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að sjö dómara skipi dóm.

Um þetta giltu áður lög um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973, en í 3. gr. hennar voru m.a. eftirfarandi ákvæði:

Fimm dómara skipa dóm, nema annan veg sé fyrir mælt. Í sérlega mikilvægum málum getur dómurinn ákveðið, að sjö dómara skipi dóm.

... skulu þrír dómara skipa dóm í kærumáli nema sérstaklega standi á. Þrír dómara geta ennfremur skipað dóm í einkamáli ef úrslit þess varða ekki mikilvæga hagsmuni að mati dómsins. Þá geta þrír dómara skipað dóm í opinberu máli ef almenna refsingin, sem liggur við broti, er ekki þyngri en sektir eða fangelsi allt að átta árum. Dómurinn ákveður hve margir dómara skipa dóm í hverju máli.

Hér hefur orðið meiri breyting á réttarreglum en ætla mætti í fljótu bragði, og litlar umræður orðið um þær meðal lögfræðinga. Þannig hefur ákvörðunarvald um fjölda dómara færst úr höndum dómsins til forseta réttarins, og nú eru ekki lengur fyrir hendi réttarreglur sem takmarka viðfangsefni þriggja manna dóms í

Hæstarétti. Felld hefur verið úr gildi sú meginregla að fimm dómara dæmi í málum.

Undanfarin ár hefur mér virst fremur tilviljanakennt, hvort dómur í málum er skipaður þremur dómurum eða fimm. Ákvörðun um fjölda dómara hefur oft komið mér á óvart í málum sem ég hef flutt í Hæstarétti, og ég hef orðið þess var að sama á við um marga fleiri lögmenn. Ég held því fram að mikils ósamræmis hafi gætt í lagaframkvæmdinni að þessu leyti, þannig að hliðstæð mál hafa ekki verið meðhöndluð að þessu leyti með sama hætti. Þriggja manna dómur hefur einnig oft fengið til meðferðar mál um mjög mikla fjárhagslega hagsmuni, jafnvel á réttarsviðum sem áður hafa verið „einokud“ af fimm manna dómi, og fimm manna dómi verið falin mál sem á réttarsviðum sem áður hafa verið dæmd í þriggja manna dómi. Þegar svo

dómar falla í samkynja málum með mjög skömmu millibili þar sem niðurstöður þriggja manna dóms stangast algerlega á við dóma fimm manna dóms um túlkun á sömu lagaákvæðum vefst það mjög fyrir lögmönnum að útlista niðurstöðurnar fyrir umbjóðendum sínum.

Ástæða er til spyrja sig þeirrar spurningar, hvort rétt sé að fela einum manni svo mikilvægar ákvarðanir sem þessar. Ég hef á tilfinningunni að ákvörðun um dómara fjölda í málum hafi á síðustu árum mótast mjög af þörf réttarins til að afgreiða mál hratt og vinna upp mikinn málahala, en ekki hafi að sama skapi verið horft til hagsmuna í málum eða fordæmisgildis dóma.

Ég tel líka vera fullt tilefni til að velja því fyrir sér hvort lögmenn málsaðila eigi að hafa einhvern umsagnar- eða tillögurétt um þetta atriði. Mér er að sjálf-sögðu ljóst að lögmönnum verður aldrei falið að taka ákvarðanir um fjölda dómara eða skipan dóms að öðru leyti, en í ljósi þess að einn maður á að taka ákvörðunina þykir mér ekki óeðlilegt að lögmönnum aðila verði með formlegum hætti gefið færi á að tjá sig mál-efnið áður en ákvörðunin er tekin.

Ekki er úr vegi að velja því fyrir sér, hvort yfirvofandi sératkvæði dómara í þriggja manna dómi eigi að leiða til þess að mál verði dæmt af fimm dómurum. Að sjálf-sögðu eru dómara búnir að fara rækilega yfir mál áður en komið er að flutningi þess, og hafa mynd- að sér einhverjar skoðanir um úrlausnarefnið, þótt þeir eigi enn eftir að hlýða á málflutninginn. Það eru heldur þunnar trakteringar fyrir þann sem tapar máli að sitja uppi með 2-1 úrslit í Hæstarétti. Þau úrslit gefa að mínu áliti beinlínis til kynna að úrlausnarefnið hafi verðskuldað aðkomu fleiri dómara.

New York State Bar Exam

Öflun málflytningarréttinda í New York fylki í Bandaríkjunum

1. Almenn

New York, New York. Það er eitthvað magnþrungið og spennandi við þessa borg. Allir þessir skýjakljúfar, leigubílar síflautandi, menn í jakka-fötum með skjalatösku æða áfram líkt og þeir séu að missa af heimsins mikilvægasta fundi. Borgin sem aldrei sefur er sagt. Þarna er allt til alls, Broadway, Metropolitan, Guggenheim, Sameinuðu þjóðirnar, World Trade Centre, ofl. ofl. Sannkölluð heimsborg. En af hverju tekur ungur lögmaður frá Íslandi upp á því að þreyta lögmannspróf í New York fylki? Var það vegna þess að þar er að finna tíu af hundrað bestu golfvöllum heimsins? Eða, að New York Bar Exam hefur yfir sér alræmdan blæ og gamli keppnishundurinn kom upp í mér? Kannski vegna þess að New York hefur löngum verið talið hjarta viðskiptalífsins í Bandaríkjunum? Nú eða jafnvel vegna þess að Bandaríkin eru annað stærsta viðskiptaland Íslands og því þörf á sérþekkingu á þeim markaði fyrir íslensk fyrirtæki og fjárfesta í þeirri alþjóðavæðingu sem tröllríður öllu?

Var það vegna þess að þar er að finna tíu af hundrað bestu golfvöllum heimsins?

Ætli það hafi ekki verið sambland af öllu þessu, auk þess sem prófið gefur möguleika á starfi í New York tengdu lögfræði í framtíðinni.

2. Skilyrði til próftöku

En hvaða skilyrði þarf lögmaður

frá Íslandi að uppfylla til að þreyta New York State Bar Exam? Skilyrðin eru tvenns konar. Annars vegar þarf umsækjandi að hafa lokið lagaprófi í sínu heimalandi sem er sambærilegt við lagapróf frá viðurkenndum bandarískum háskóla að mati prófnefndarinnar. Hins vegar þarf umsækjandi að hafa lokið að lágmarki 20 eininga prófi frá viðurkenndum bandarískum háskóla og hafa tekið grunnfög í bandarískum rétti, venjulega LLM gráðu.

3. New York Bar Exam

New York Bar Exam er tveggja daga próf. Á fyrri deginum er prófað úr New York hlutanum. Þá eru lagðar fyrir prófmenn sex ritgerðarspurningar og 50 krossaspurningar úr löggjöf New York fylkis almennt. Fögin sem lesa þarf fyrir þennan hluta eru 18 að viðbættum frávikum frá fjölfylkjaréttinum/alríkislöggjöfni í löggjöf New York. Sem dæmi um fögin má nefna; samanburðarlögfræði, félagarétt, skattarétt, lagaskilarétt, réttarfar, viðskipta- og hlutabréfarétt. Þessi hluti tekur sjö klukkustundir. Á seinni deginum er prófað úr fjölfylkjahlutanum (multistate). Eru þá lagðar fyrir prófmenn 200 krossaspurningar úr sex fögum. Fögin eru sameiginleg fyrir flest fylki Bandaríkjanna. Þau eru stjórnskipunarréttur, samninga- og kauparéttur, refsiréttur- og réttarfar, eignaréttur, skaðabótaréttur og sönnun. Þessi hluti tekur sex klukkustundir. Vægið milli hlutanna er þannig að ritgerðarspurningarnar vega þyngst eða 45%, krossaspurningarnar úr seinni hlutanum 40% og krossaspurningarnar úr fyrri hlutanum 15%. Einnig þarf að ljúka aukaprófi sem nefndist MPRE eða því þjála heiti Multistate

Professional Responsibility Examination. Er það mun minna próf í síða- og reglugerðarverki lögmannna í Bandaríkjunum.

Þetta háa fallhlutfall hefur það í för með sér að gífurleg spenna er í kringum undirbúninginn og prófið sjálft.

Gríðarlegur fjöldi lögfræðinga tekur New York Bar Exam á hverju ári eða um átta til níu þúsund. Prófið er haldið tvisvar á ári, í febrúar og júlí. Fallhlutfallið er nokkuð hátt ef tekið er mið af því að prófmenn eru allir útskrifaðir lögfræðingar. Í febrúar sl. var það 65,5%. Það er þó í hærrí kantinum og er meðaltalið á bilinu 30-40%. Þetta háa fallhlutfall hefur það í för með sér að gífurleg spenna er í kringum undirbúninginn og prófið sjálft. Þetta var því verulega áhuga-verð lífsreynsla. Margar sögur eru til um prófið. Besta sagan sem ég heyrði kom frá prófundirbúningsmönnum um konuna sem stóð upp í miðju prófi, hélt prófgögnunum fyrir ofan höfuð sér, hljóp um og hrópaði í sífellu „ég er kvöðin á landinu“ (“I’m the lien on the land”). Það fylgdi sögunni að ekkert hefði til hennar spurst síðan.

Þegar niðurstaðan úr prófinu kom var þó ekki nema hálfur sigurinn unninn. Eftir var að afla gagna um allt sem ég hafði gert um ævina og var til þess fallið að varpa ljósi á persónu mína og hæfi til að verða lögmaður í New York. Nú var útlitið svart. Mér tókst þó að finna lögmann innan stéttarinnar sem gegn vægri þóknun voru

tilbúinir að votta um meint ágæti mitt og heilindi. Þá þurfti álíka staðfestingu frá öllum skólum sem ég hafði nokkurn tíma stigið fæti inn í, öllum leigusölum, sakaskrá ríkisins, vinnuveitendum og svo mætti lengi telja. Þetta tókst fyrir rest og sór ég eið fyrir dómstólum New York fylkis í júlí 1999.

*Mér tókst þó að finna
lögmenn innan
stéttarinnar sem gegn
vægri þóknun voru
tilbúinir að votta um
meint ágæti mitt og
heilindi.*

4. Réttindi og skyldur

Málflutningsréttindi í New York fylki eru dálítið frábrugðin því sem við þekkjum héðan. Án þeirra er með öllu óheimilt að veita ráðgjöf um löggjöf New York fylkis að viðlagðri refsingu og gildir þá einu

hvort viðkomandi er lögfræðingur á lögmennastofu, í fyrirtæki eða stofnun. Starf á sviði lögfræði er því ógerleg í New York án New York Bar. Réttindin veita jafnframt heimild til að flytja mál fyrir hvaða dómstól New York fylkis sem er og á öllum dómstigum. Þau veita rétt-hafa einnig heimild til að flytja mál fyrir alríkisdómstólum í Bandaríkjunum óháð fylki. Einnig má nefna að samningar eru á milli New York fylkis og margra annarra um gagnkvæma viðurkenningu á málflutningsréttindum. Þannig væri hægtur leikur fyrir rétthafa málflutningsréttinda í New York að afla sér réttinda til að starfa í Washington D.C. án þess að þurfa að þreyta þar próf.

Skyldur eru nokkrar. Mjög ríkar og ítarlegar siða- og háttennisreglur eru settar lögmönnum í New York fylki. Þá eru lögfræðingar með lögmennaréttindi í New York fylki seldir undir endurmenntunarskyldu. Er það fyrirkomulag kall-

*Starf á sviði lögfræði er
því ógerleg í New York án
New York Bar.*

að CLE eða Continuing legal education. Skv. því þarf að skila 16 klst. af endurmenntun á hverju ári. Þrjár þurfa að vera í siðareglum, sex í lögfræðilegum fögum og sjö í stjórnun eða rekstri lögmennastofa. Þá berast endalaus gögn í pósti um hver mánaðarmót frá NYSBA og ABA lögmennafélögunum um lögmennsku og viðskiptalífið í New York og Bandaríkjunum almennt. Það getur því verið kostnaðarsamt og fyrirhafnamið að uppfylla skyldur sínar við lögmennasamtök New York fylkis. En ætli maður noti bara ekki ferðina og spili á einhverjum af þessum tíu af bestu golfvöllum heimsins.

Groa@leiti.is

Efni: Samkomuhald

Blessuð. Veistu ég átti leið um Austurstrætið um daginn alveg um hádegisbil. Heldurðu að það hafi ekki streymt út um dyrnar á Héraðsdómi þessi líka föngulegi hópur af lögmennskörlum. Fyrst datt mér í hug að ég væri að missa af einhverri tillidagasamkomu en svo fattaði ég að þarna fóru í fríðum flokki verjendurnir í einu af þessum Stóru fíkniefnamálum. Ja mér varð hugsað til þess að það hefði ekki verið amalegt að fá að nudda olbogum við þessa herra menn á þröngt skipuðum bekknum svo vikum skipti hjá honum Guðjóni Saint Marteins.

*kveðja
Gróa.*

Efni: Smá meira um dópmál

Blessuð á ný. Svona í framhaldi af þessu um Stóra fíkniefnamálið og lögmennskarlana, ég var að hlusta um daginn yfir soðningunni á kvöldfréttirnar mínar. Heldurðu að Jón HáBé Snorra peningasóknari hafi ekki verið að úttala sig um allskonar peningarþvætti

og svoleiðis í tengslum við dópmálið. Látum það nú gott heita en mér brá dálítið hvornig hann talaði um þetta. Hann talaði eins og málið væri dæmt og hann að fjalla um staðreyndir hvornig málsatvik hefðu gerst. Er ég að missa af einhverju eða er hlutlægnisskyldan ekki enn á sóknurinum? Má svona? Ja spyr sá sem ekki veit, en myndarlegur er hann.

*Bless
Gróa.*

Efni: Sumar og sól

Enn á ný sæl. Mikið óskaplega, gasalega er það nú gott að sumarið sé komið með yl og jarðskjálftum. Nú ættu þín lögmennirnir og jafnvel við hin að geta lagt vetrarflíkunum, farið í ljósu frakkana og ljósu draktirnar og hætt jafnvel að nota margmilljóna jeppana fyrir yfirhafnir. Það er nú ekki amalegt að spranga svona um miðborgina á sólbjörtum dögum. Svo er ég líka að fara í frí!

*kveðja
Gróa*

Málþing Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands

Hið árvissa málþing Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands var haldið á Þingvöllum, föstudaginn 26. maí s.l. Líkt og fyrr á öldum, mættu til þessa merka þingstaðar, fjölmargir lögspakir menn úr öllum fjórðungum, en umfjöllunarefni þingsins að þessu sinni var spurningin um það hvort lýðræðinu stæði ógn af dómstólum - um mat dómstóla á stjórnskipulegu gildi almennra laga.

Í norrænni goðafræði segir frá Valhöll sem dvalarstað vopnfallinna vígamanna, sem þar gátu



Ingimar Ingason
framkvstj. LMFÍ

haldið áfram iðju sinni við dráp á manni og öðrum, ellegar fallið sjálfir í valinn, til þess eins að rísa aftur upp að kveldi og njóta öls og annars munaðar. Ekki var að sjá að gestir Valhallar að þessu sinni væru örendir ellegar vígamóðir, enda Valhöll hin nýrri aðeins áningarstaður túrhesta og tyllidagagesta, sem í versta falli hafa fallið fyrir freistingum öls og matar.

Frummælendur málþingsins að þessu sinni voru þau Skúli Magnússon, lög-

fræðingur, Sigurður Líndal, prófessor, Ragnhildur Helgadóttir, lögfræðingur og doktorsnemi, Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl., Gísli Tryggvason, hdl. og Atli Harðarson, heimspekingur.

Að loknum framsöguerindum fóru fram fjórugar pallborðsumræður um málefnið, en þátttakendur í þeim umræðum voru auk frummælendanna Jóns Steinars Gunnlaugssonar, hrl., Gísla Tryggvasonar, hdl. og Atla Harðarsonar, heimspekings, þau Ragnar Aðalsteinsson, hrl., Oddný Mjöll Arnardóttir, lögfræðingur og Sigurður Tómas Magnússon, héraðsdómari.

Fundarstjóri og stjórnandi pallborðsumræðna var Jakob R. Möller, hrl., sem stýrði þinginu af festu og öryggi. Þótti mönnum sérstaklega til um hæfni lögmannsins í aldursgreiningu frummælenda, sem þótti afar nákvæm.

Efnislegt umfang þess sem rætt var á málþinginu leyfir ekki ítarlega frásögn á síðum Lögmannablaðsins, en óhætt er að fullyrða að auk praktískrar umfjöllunar og málefnalegar gagnrýni, bæði á framkvæmd lagsetningar hér á



Fundarstjóri, Jakob R. Möller, hrl. og Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl. ræða málin.



Alltaf gaman á málþingum LMFÍ og DÍ. Sigurður Tómas Magnússon, héraðsdómari, glaður í bragði.



Ragnar Aðalsteinsson hrl. og Sigurður Líndal, prófessor ræða málin.

landi og það vald sem dómstólar hafa til að túlka vilja löggjafans, hafi viðfangsefnið fengið yfirgripsmikla og djúpa heimspekilega, sagnfræðilega og lögfræðilega umfjöllun.

Ekki var annað að sjá en að félögin hefðu, líkt og undanfarin ár, náð hagstæðum samningum við almættið og skörтуðu Þingvellir sínu fegursta í vorsólinni. Þó gerði nokkrar gróðraskúrur er leið nær

kveldi, en málþingsgestir létu slíkt hins vegar ekki á sig fá, enda flestir þegar teknir til við að vökva lífsblómið, ellegar gæða sér á gómsetu kaffibrauði.



Helgi Birgisson, brl., Ragnar Aðalsteinsson, brl., og Ólafur Axelsson, brl., njóta veðurblíðunnar á Þingvöllum.



Kökurnar eru þarna frammi gæti Ólafur Sigurgeirsson brl., verið að benda Ólafi Garðarssyni brl., á. Helgi Birgisson brl., letur sér hins vegar nægja kaffibolla.



Þórdís Bjarnadóttir, bdl., Margrét Vala Kristjánsdóttir, lögfræðingur, Helga Melkorka Óttarsdóttir, bdl., og Bjarnveig Eiríksdóttir, lögfræðingur.



Ásgeir Thoroddsen brl., og formaður LMFÍ og Helgi I. Jónsson, bóradómari og formaður DÍ, íbyggir á svið.



Haraldur Blöndal, brl., leggur Ragnari Tómasi Árnasyni, bdl., lífsreglurnar. Sigurður Línadal, prófessor og Logi Guðbrandsson, bóradómari blusta á af atbygli.



Arnlfótur Björnsson, bæstaréttardómari, ásamt nokkrum lærisveina sinna, þeim Hlyni Halldórssyni, bdl., Einari Karli Hallvarðssyni, brl. og Jóhannesi Bjarna Björnssyni, bdl.

Ritdómur

Eiríkur Tómasson, Réttlát málsmeðferð fyrir dómi

Íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu

Þetta rit Eiríks Tómassonar, prófessors við Háskóla Íslands, er afrakstur rannsóknna hans á ákvæðum 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE). Rannsóknin tekur einkum til ákvæða 1. mgr. 6. gr. MSE um réttláta málsmeðferð fyrir dómi, í einkamálum og sakamálum, og til ákvæða 3. mgr. 6. gr., um þau lágmarksréttindi sem sáttmálinn veitir sakborningi og útfæra nánar meginregluna um réttláta málsmeðferð.

Í kjölfar nauðsynlegs inngangs um Mannréttindasáttmálann, eftirlitkerfi sáttmálans, sjónarmið um

skýringu hans og áhrif á íslenskan rétt fjallar höfundur almennt um 6. gr. og sjónarmið um skýringu greinarinnar (2. kafli). Því næst er fjallað um gildissvið greinarinnar og athygli vakin á því að ekki er fullt samræmi milli 1. mgr. 6. gr. MSE og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, en ákvæði stjórnarskrárinnar virðist að sumu leyti rýmra en að öðru leyti þrengra en ákvæði 6. gr. MSE. Höfundur kemst þó að þeirri niðurstöðu að þessi orðalagsmunur hafi litla sem enga raunhæfa þýðingu að íslenskum rétti. Að því leyti sem orðalag 70. gr stjórnarskrárinnar sé þrengra

en ákvæði 6. gr. MSE hafi það ekki þýðingu fyrir aðila réttindana þar sem MSE hafi lagagildi á Íslandi.

Þá er fjallað um hið þögla inntak greinarinnar sem felst í rétti manna til að bera mál undir dómstóla (4. kafli). Er niðurstaðan sú að þessi réttur, sem viðurkenndur hefur verið af eftirlitsstofnunum MSE, sé víðtækur og leiði til þess að 13. gr. MSE hafi litla þýðingu í framkvæmd. Þá er fjallað um hugtakið *réttlát málsmeðferð* og hvað í því hugtaki felist (5. kafli). Í umfjölluninni er sérstaklega gerð grein fyrir því hvað felist í jafnræði málsaðila fyrir dómi og hversu víðtækt eftirlit stofnanir MSE hafi með sönnunarfærslu og sönnunarmati, en það kemur að mestu leyti í hlut dómstóla aðildarríkjanna að skera úr um þessi atriði. Í 6. kafla er fjallað um *opinbera málsmeðferð* og þær undanþáguheimildir sem ákvæðið geymir. Í 7. kafla er fjallað um *fljót-virka málsmeðferð* og nákvæmt yfirlit gefið um þau atriði sem máli skipta við ákvörðun á því hvort meðferð máls hafi dregist úr hömlu í skilningi greinarinnar. Því næst er fjallað um þau skilyrði að um *sjálfstæðan* og *óvilballan dómstól* sé að ræða (8. kafli) og í 9. kafla er fjallað ítarlega um réttindi sakborninga samkvæmt 3. mgr. 6. gr. MSE. Ekkert ákvæði MSE hefur komið eins oft til kasta eftirlitsstofnanna og 6. gr. MSE. Í ritinu er gerð mjög góð grein fyrir inntaki 6. gr. MSE, eins og ákvæðið hefur verið túlkað, og þeirri vernd sem hún veitir einstaklingum. Framkvæmd eftirlitsstofnanna er mjög skilmerkilega lýst og uppsetning ritsins og framsetning á niðurstöðum eru með þeim hætti að flókið og umfangsmikið efni

AÐFARARGERÐIR

eftir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara

Fæst hjá Bóksölu stúdenta og á skrifstofu L.M.F.Í.

— o o o —

Aðrar bækur útgefnar af Námssjóði L.M.F.Í.:

Dómar um bótaábyrgð hins opinbera 1920-1984

Dómar í félagarétti 1968-1988

Dómar í sjóréttarmálum 1965-1982

Dómar um veðréttindi 1920-1988

Dómar í skaðabótamálum 1979-1988

Dómar í skaðabótamálum 1973-1978

Dómar um almennt einkamálaréttarfar

Námssjóður Lögmannafélags Íslands

sýnist viðráðanlegt. Hefur höfundur tekist mjög vel að gefa greinargott yfirlit yfir inntak 6. gr. MSE.

... uppsetning ritsins og framsetning á niðurstöðum eru með þeim hætti að flókið og umfangsmikið efni sýnist viðráðanlegt.

Gildi rannsóknarinnar er þó ekki síður fylgið í því að gerð er ítarleg grein fyrir íslenskri lagafrákvæmd og afstaða tekin til þess, eftir því sem við á, hvort íslensk lög og frákvæmd fullnægi þeim kröfum sem 6. gr. gerir. Fjallað er um þau ákvæði réttarfarlaga sem koma til athugunar í ljósi ákvæða 6. gr. MSE og eru dómur héraðsdómstóla og Hæstaréttar raktir eftir því sem tilefni gefst til. Vegna víð-

tækrar þekkingar höfundar á efninu, einkum réttarfarslöggjöf í einkamálum og opinberum málum, eru niðurstöður hans bæði skýrar og sannfærandi. Felst gildi þessa rits því ekki einungis í framsetningu á niðurstöðum um inntak og beitingu 6. gr. MSE, heldur eru niðurstöður höfundar og framsetning um íslenskan rétt þess eðlis að ritið hlýtur að vera gagnlegt öllum þeim sem vinna að rekstri einkamála og sakamála.

Vegna víðtækrar þekkingar höfundar á efninu, einkum réttarfarslöggjöf í einkamálum og opinberum málum, eru niðurstöður hans bæði skýrar og sannfærandi.

Höfundur dregur saman helstu niðurstöður í 10. kafla ritsins og dregur þar fram þau atriði sem helst þurfa athugunar við, við endurskoðun laga eða úrbætur í réttarfrákvæmd. Höfundur kemst þó almennt að þeirri niðurstöðu að ákvæði íslenskra laga og lagafrákvæmd séu í öllum meginatriðum í samræmi við fyrirmæli 1. mgr., sbr. 3. mgr. 6. gr. MSE.

Það er gleðiefni að niðurstöður rannsóknar sem þessarar skuli vera gefnar út í aðgengilegu og léttu formi í ritröð Bókaútgáfu Orator. Allur frágangur bókarinnar er mjög góður og ekki skiptir minna máli að stíll er mjög vandaður og læsilegur. Reiknast það höfundu til tekna. Þá er prófarkalestur augljóslega til fyrirmyndar og verður sérstaklega að nefna það sem sjaldgæfan viðburð í ritum um lögfræðileg efni að orðið *adfaraorð* er skrifað rétt.

Útskriftarathöfn námskeiðs til öflugunar héraðsdómsmögmannsréttinda

Eiríkur Tómasson, prófessor og formaður prófnefndar, afbendir Hlín Lilju Sigfúsdóttur prófskrárteini. Valborg Snævarr, bdl., fylgist með af ábuga.



Prófnefndarmennirnir Sif Konráðsdóttir, brl. og Símon Sigvaldason, skrifstofustjóri Hæstaréttar, óska Björku Sigurgísladóttur til bamingju með áfangann.

Jóna K. Kristinsdóttir

Félagsdeild

Eftirfarandi eru ábendingar um áhugaverðar heimasíður fyrir lögmenn:

Lögmannafélög:

www.advokatsamfundet.dk/
www.asianajajat.fi/svenska.htm
www.jus.no/dna/
www.advokatsamfundet.se/
www.lawsoc.org.uk/index.html
www.abanet.org

Danska lögmannafélagið.
Finnsla lögmannafélagið
Norska lögmannafélagið
Sænska lögmannafélagið
Breska lögmannafélagið
Bandaríska lögmannafélagið

Dómar og lög:

www.lovddata.no/

www.findlaw.com/
www.law.duke.edu/lib/libser/uslaw.htm

www.kb.dk/formidt/natbib/fagbib/djb/
www.ub.uio.no/ujur/
www.sb.gov.se/
www.notisum.se/rnp/sls/default.htm
www.dhcour.coe.fr/default.htm

Norskur gagnabanki. Norsk lög og norskir hæstaréttardómar.
Bandarískir hæstaréttardómar
Bandarísk lög, frumvörp, dómar.
Heimasíða Lagadeildar Duke háskólans.
Dönsk lagaskrif
Lagabókasafnið í Oslo.
Upplýsingaþjónusta sænska ráðuneyta.
Sænsk lög
Allir dómar frá Mannréttindadómstóli Evrópu.

Evrópa:

www.coe.fr/index.asp
www.europa.eu.int
<http://europa.eu.int/eclas>

www.llrx.com/features/europe.htm

Evrópuráðið.
Evrópusambandið
Skrá yfir rit, tímarit, bækur og vefköng
Evrópusambandsins.
Evrópskur gagnagrunnur um lög.

Ýmislegt

<http://bolla.rbt.no/opphavsrett/#WIPO>
www.uni-wuerzburg.de/law/index.html

www.law.cornell.edu/library/guides/forin/forin.html

www.karnov.dk/
www.lexis-nexis.com/
www.faktainfo.se/juridik

Höfundaréttur- samningar.
Stjórnarskrár- International Constitutional Law.
Listi yfir vefslóðir á sviði þjóðréttar .
Bókaútgáfan Thomson (Karnov).
Lexis - Nexis gagnabanki.
Sænskur gagnabanki um lögfræði.

Nokkrar áhugaverðar íslenskar vefsíður sem tengjast lögfræði:

www.althingi.is/
www.haestirettur.is
www.throun.is
www.stjr.is
<http://brunnur.stjr.is/interpro/dkm/dkm.nsf/pages/forsida>
<http://www.hi.is/nam/laga/>
<http://www.hi.is/~ulfljotr/>
www.vefbokasafn.is
<http://www.adgengi.is/tengl.asp>

Alþingi
Hæstiréttur Íslands.
Þróun hf. IL+/Réttarríkið.
Stjórnarráðið.
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
Lagadeild Háskóla Íslands.
Úlfjótur tímarit laganema.
Aðgangur að vefsíðum um margvísleg efni.
Margir tenglar um stofnanir og fyrirtæki innlend og erlend.

Breytingar á félagatali

Ný málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi:

Áslaug Auður Guðmundsdóttir, hdl.

Frjálsi fjárfestingabankinn
Sigtúni 42, 101 Reykjavík
S: 530-3100,
fax: 530-3110

Sigurður Óli Kolbeinsson, hdl.

Samb.ísl. sveitarfélaga
Háaleitisbraut 11-13, 108 Reykjavík
S: 581-3711,
fax: 568-7866

Þórey Aðalsteinsdóttir, hdl.

Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114, 105 Reykjavík
S: 560-4400

Ingimar Ingimarsson, hdl.

Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík
S: 552-7500
fax: 552-7501

Hlynur Halldórsson, hdl.

Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík
S: 562-1018,
fax: 562-9666

Ágústa R. Jónsdóttir, hdl.

Samskip hf. Holtabakka, Holtavegi
S: 569-8300

Páll Eiríksson, hdl.

Deloitte og Touche hf.
Stórhöfða 23, 110 Reykjavík
S: 580-3000
fax: 580-3001

Svavar Pálsson, hdl.

Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík
S: 533-5030,
fax: 533-5035

Eva Bryndís Helgadóttir, hdl.

Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
S: 511-1190,
fax: 511-1195

Ólafur Eiríksson, hdl.

Reykjavíkurvegi 60, 220 Hafnarfirði
S: 565-5155,
fax: 565-4744

Einar Baldvin Árnason, hdl.

Kringlan 4-12, 103 Reykjavík
S: 550-0500,
fax: 550-0505

Eyvindur Sólness, hdl.

Pósthússtræti 13, 101 Reykjavík
S: 511-2525
fax: 511-2550

Stefán Árni Auðólfsson, hdl.

Laugavegi 7, 101 Reykjavík
S: 562-2500,
fax: 562-2585

Guðmundur Jóhannes Oddsson, hdl.

Borgartúni 24, 105 Reykjavík
S: 5-400-300
fax: 5-400-301

Þórólfur Jónsson, hdl.

Borgartúni 24, 105 Reykjavík
S: 5-400-300
fax: 5-400-301

Stefán Hrafn Stefánsson, hdl.

Eignamiðlun ehf.
Síðumúla 21, 108 Reykjavík
S: 588-9090,
fax: 588-9095

Eyjólfur Ármannsson, hdl.

Garðastræti 17, 101 Reykjavík
S: 561-3583
fax: 552-6866

Ólöf Norðdal, hdl.

Verðbréfaþing Íslands
Engjateigi 3, 105 Reykjavík
S: 525-2800
fax: 525-2888

Ásta Stefánsdóttir, hdl.

Sýslumaðurinn á Selfossi
Hörðuvöllum 2, 800 Selfossi
S: 482-2211
fax: 482-2070

Elísabet Sigurðardóttir, hdl.

Húseigendafélagið
Síðumúla 29, 108 Reykjavík
S: 588-9567
fax: 588-9537

Hrefna Gísladóttir, hdl.

Sýslumaðurinn á Húsavík

Börkur Hrafnsson, hdl.

Faxafeni 5, 108 Reykjavík
S: 533-5858

Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands:

Steingrímur Eiríksson, hrl. frá janúar 2000

Helgi Sigurðsson, hrl.
Sif Konráðsdóttir, hrl.

Einar Gautur Steingrímsson, hrl.

Endurútfegin leyfi:

Örn Gunnarsson, hdl.

Jóhann Baldursson, hdl.

Skúlagötu 17, 101 Reykjavík
S: 595-9017,

Nýr vinnustaður:

Hákon Stefánsson, hdl.

Bæjarskrifstofur Akureyrar
Geislagötu 9, 600 Akureyri
S: 462-1000,
fax: 462-1547

Jóhannes Rúnar Jóhannesson, hdl.

Austurstræti 18, 101 Reykjavík
S: 562-6969,
fax: 562-6980

Þórdís Bjarnadóttir, hdl.

Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfjörður
S: 565-3222,
fax: 565-3244

Ólafur Ragnarsson, hrl.

Skeifunni 7,
Ph. 8630, 128 Reykjavík
S: 588-1817
fax: 588-0044

Lögritarar – aðstoðarfólk lögfræðinga

Stutt og hagnýt námsleið innan lagadeildar

Settur var á stofn starfshópur innan lagadeildar í ársbyrjun 2000 til að vinna að hugmyndum um stutta og hagnýta námsleið innan deildarinnar fyrir aðstoðarfólk lögfræðinga. Málið var kynnt formlega á deildarfundum í lagadeild 9. febrúar 2000, og var deildarforseta og kennslustjóra þar falið að skipuleggja námið, efni þess og tilhögun.

Markmið námsins er að gera þá, sem því hafa lokið, færari til þess að veita lögfræðingum aðstoð við að rita lögfræðilegan texta, semja lögfræðileg skjöl og afla heimilda og upplýsinga og vinna úr þeim. Sömuleiðis að færa bókhalda, annast skjalastjórnun og hafa umsjón með rekstri, t.d. á lögmannsstofum.

Námið er fólgið í því að gera þeim, sem það stunda, grein fyrir grundvallarhugtökum lögfræðinnar, réttarheimildum og beitingu þeirra og fræða þá um meginreglur um meðferð dómsmála og stjórnarsýslumála. Ennfremur að

veita þeim leiðbeiningar um lögfræðilega skjalagerð, rekstur, bókhalda og skjalastjórnun, kenna þeim öflun upplýsinga og úrvinnslu úr lögfræðilegum heimildum, þ. á m. á Netinu. Mikil áhersla er lögð á notkun íslensks máls svo og kennslu í erlendum tungumálum, einkum í lagamáli.

Þeir, sem lokið hafa námi sem lögritarar, ættu að hafa mun betri möguleika en aðrir til þess að fá störf sem sérhæfðir ritarar og aðstoðarmenn á lögmannsstofum, og sem sérhæfðir ritarar og skjalaverðir hjá dómstólum, ráðuneytum og öðrum stofnunum ríkis og sveitarfélaga, hjá einkafyrirtækjum á borð við banka og aðrar fjármálastofnanir, tryggingafélögum og fasteignasölum og hjá hvers kyns samtökum.

Lögritaranámið hefur 45 eininga vægi, tekur eitt og hálf ár, miðað við eðlilega námsframvindu, og því lýkur með diplóma. Stúdentspróf er inntökuskilyrði. Námið er á ábyrgð lagadeildar og byggist upp

á neðangreindum námskeiðum, sem kennd eru við lagadeild og aðrar deildir Háskólans:

Lagadeild:

Almenn lögfræði fyrir lögritara (10 e)
Réttarfar, formreglur (2,5 e)
Stjórnsýsluréttur I (2,5 e)
Lögfræðileg skjalagerð (2,5 e)
Upplýsingaöflun og heimilda-
vinna (2,5 e).

Heimspékideild:

Aðferðir og vinnubrögð í íslensku (5 e)
Málnotkun í íslensku (5 e)
Hagnytt tungumálanám (5-6 e)

Félagsvísindadeild:

Skjalastjórnun hjá fyrirtækjum og stofnunum (5 e)

Viðskipta- og hagfræðideild:

Reikningshald I (3 e)
Reikningshald II (3 e)
Rekstrarhagfræði I (3 e)

Stúdentar, sem hafa náð 5,0 eða hærri einkunn í almennri lögfræði við lagadeild á árinu 1995 eða síðar, þurfa ekki að taka grunnnámskeiðið almenn lögfræði fyrir lögritara, heldur fá próf sitt í almennu lögfræðinni metið til 10 eininga. Öðrum stúdentum er skylt að skrá sig til náms í almennri lögfræði fyrir lögritara á fyrsta misseri námsins en þeir ráða að öðru leyti tilhögun námsins, þó með þeim fyrirvara að þeir verða að ljúka prófi í reikningshaldi I áður en þeir hefja nám í reikningshaldi II.

Til þess að standast próf verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 5,0 í hverju námskeiði og lágmarksmeðaleinkunn er 6,0.

Útleiga á fundarsal

Lögmenn geta fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins undir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl. Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns. Leiguverðið er 2.000 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts. Innifalið er kaffi.

**Tekið er við
pöntunum á skrifstofu L.M.F.Í.**

Jóna K. Kristinsdóttir, félagsdeild

Upplýsingar um erlend námskeið, sumarskóla og fleira

Lögmannafélaginu berast nær daglega upplýsingar um erlend námskeið, ráðstefnur, málþing og fleira viðsvegar í heiminum. Upplýsingar þessar hafa verið sendar með tölvupósti til félaga í félagsdeild LMFI en hér að neðan hef ég tekið saman það allra helsta sem er á döfinni í sumar og fram á haust:

Júní 26.-27.	Human Rights Law Relating to Migration in Europe	ERA/Trier	www.era.int
26.-27.	Drafting Commerc. Agrm. to comply with Europ. law	Hawksmere/Brussel	www.hawksmere.com
26.-7. júlí.	Introduction to Legal English Institute/USA/Wash.	Intern.Law	www.ili.org
Júlí 5.-10.	8th Summer Course on European Community Law	ERA/Trier	www.era.int
10.-13.	Summer Course in European Competition Law	ERA/Trier	www.era.int
10.-11.	Due Diligence in International Business Transactions	Hawksmere/London	www.hawksmere.com
10. júlí -4. ág.	Certificate in Conflict Management	University of California	www.unex.ucr.edu/iep
10. júlí-11.ág.	Summer Program in United States Law.Ýmis námsk.	United States Law and Legal Inst.	www.law.wisc.edu/clew/summer.htm
6.júlí -18 ág.	Improve your legal English	Boston University, USA	www.bu.edu/law
3.-7.	The Employment Strategy of the European Union.	Sinnea /Universi. Di Modena Italy	summerschool@unimo.it
25.-29.	International Law 2000- A Global Conference -	Oxford University/London	email:londonila@cs.com
24.-28.	English for Lawyers	Communicaid English/London	www.commuicaid.com
31.júlí- 2. ág.	International Commercial Agreements	Hawksmere/Cambridge	www.hawksmere.com
Ágúst 2.-4.	Cross Border Acquisitions	Hawksmere/Cambridge	www.hawksmere.com
7.-9.	A Practical Introduction to EU Competition Law	Hawksmere/Cambridge	www.hawksmere.com
21.-25.	Mediation Workshop Utdanningscenter/Norege	Juristenes	www.jus.no
Sept. 17.-22.	Ýmsir fyrirlestrar	IBA/Amsterdam	www.ibanet.org

Einnig er margt áhugavert á eftirfarandi heimasíðum:

JUS/Juristens Utanningscenter í Noregi. WWW.JUS.NO
The London School of English. WWW.LONDONSCHOOL.COM
Goethe Institut. WWW.GOETHE.DE/BONN

Frekari upplýsingar fást hjá félagsdeild í síma 568-5620 eða með tölvupósti í netfang: jonak@lmfi.is.

Lögfræðihópur Íslandsdeildar

Amnesty International

Mannréttindasamtökin Amnesty International (www.amnesty.org) eru flestum kunn, a.m.k. af afsþurn. Samtökin voru stofnuð 1961 í framhaldi af ákalli Peter Benenson, bresks lögfræðings, um lausn svokallaðra samviskufanga. Með samviskuföngum er átt við þá sem hafðir eru í haldi vegna skoðana sinna, trúar, kynþáttar, kynferðis eða uppruna og hafa ekki beitt eða hvatt til beitingar ofbeldis. Ástæða ákalls Peter Benenson var frétt af stúdentum í Portúgal sem höfðu verið handteknir fyrir að „skála fyrir frelsinu“ á veitingastað.

Auk þess að berjast fyrir lausn samviskufanga, berst AI fyrir réttlátum réttarhöldum yfir öðrum pólitískum föngum, afnámi pyntinga og dauðarefsinga og gegn því að menn séu teknir af lífi án dóms og laga eða látnir „hverfa“.

Starf AI byggist á því að vekja athygli á mannréttindabrotum og þrýsta á stjórvöld um breytingar. Einn helsti styrkur AI er hinn mikli fjöldi félagsmanna en þeir eru nú rúmlega ein milljón í 162 löndum. Töluverður hluti þeirra skrifar reglulega bréf til ríkisstjórna í löndum þar sem mannréttindabrot eru framin. Af langri reynslu og frásögnum bæði fórnarlamba og gerenda er sannað að bréfaskrifarnar skila árangri. Annar styrkleiki AI felst í þeim nákvæmu rannsóknum sem samtökin framkvæma og baráttu þeirra byggist síðan á. Birtist það m.a. í því að AI hefur ráðgefandi stöðu hjá Sameinuðu þjóðunum og Evrópuráðinu. Samtökin hlutu friðarverðlaun Nóbels 1977.

Þrátt fyrir að mikið hafi unnist í mannréttindabaráttu síðustu áratugi er enn langt í land. Í nýlegri ársskýrslu AI kemur fram að árið 1999 voru aftökur án dóms og laga framkvæmdar í 38 löndum. Sam-



Einar Símonarson bdl.

viskufangar voru í haldi í 61 landi og staðfestar heimildir eru um pyndingar í 132 löndum. AI skráði árinu upplýsingar um „mannshvörf“ í 37 löndum.

Vegna starfa sinna verða lögfræðingar oft fórnarlömb mannréttindabrota.

Lögfræðihópur

Pann 25. maí 2000 var stofnaður lögfræðihópur innan Íslandsdeildar AI (www.amnesty.is). Hann er hugsaður sem vettvangur fyrir lögfræðinga og laganema til að nýta þekkingu sína og reynslu til að vinna að markmiðum AI.

- Meðal verkefna hópsins er:
- að vinna að málum einstakra lögfræðinga sem verða fyrir mannréttindabrotum.
 - taka þátt í átaksverkefnum varðandi einstök svæði, m.t.t. lögfræðinga og lagalegra atriða.
 - lagaleg aðstoð við Íslandsdeild AI, t.d. í tengslum við umsagnir um lagafrumvörp.
 - samstarf við aðra lögfræðihópa innan AI.
 - að stuðla á annan hátt að virðingu fyrir alþjóðalögum á sviði mannréttinda.

Vegna starfa sinna verða lögfræðingar oft fórnarlömb mannréttindabrota. Sem dæmi skal nefnt

mál lögfræðingsins Julio Peláez í Ekvador. Eftir réttarhald 20. apríl sl., þar sem hann gætti hagsmuna fórnarlambis hrottalegs lögregluofbeldis, hótuðu lögreglumenn honum að hann skildi hafa verra af, yrði málið ekki látið niður falla. Skjólstæðingur hans hefur einnig fengið hótanir

Sums staðar er málum svo háttað að sakborningar fá ekki notið aðstoðar lögfræðinga. Þannig er t.d. ástandið í Saudi-Arabíu. Auk þess er þar ekki fyrir hendi raunverulegur réttur til áfrýjunar. Þegar við bætist að pyndingar eru algengar, sem og refsingar eins og hýðingar, aflimanir og aftökur má öllum vera ljóst hve ástandið er slæmt. Um þessar mundir er AI með átak í gangi til að vekja athygli á mannréttindabrotum í Saudi-Arabíu. Einn liður í því er að biðja lögfræðinga sem eru í samskiptum við kollega sína í Saudi-Arabíu að ræða við þá þessi mál.

Ég hvet lögmenn, sem og aðra lögfræðinga og laganema til að taka þátt í baráttunni fyrir mannréttindum og gerast félagar í AI og lögfræðihópnum ...

Ég hvet lögmenn, sem og aðra lögfræðinga og laganema til að taka þátt í baráttunni fyrir mannréttindum og gerast félagar í AI og lögfræðihópnum eftir atvikum. Ekki er gert ráð fyrir að aðild að hópnum útheimti mikla vinnu og framlag meðlima fer eftir vilja og tíma hvers og eins. Hægt er að gerast félagi í lögfræðihópnum eða AI með því að hafa samband við skrifstofu AI í s: 551 6940 eða senda tölvupóst á amnesty@hi.is.

Lífeyrisparnaður

Landsbankans

Árið 2030
munt þú
geta gert
ótrúlegustu
hluti.

Vertu viss um
að þú hafir efni á því.

ÓDÍT FOLK AFGANGNAÐERSSON - SJÁ - 11393



- framtíðin bíður eftir þér

Fjölbreytt val í
lífeyrisparnaði:

- Lífeyrisbók Landsbankans
- Fjárvörslureikningar Landsbréfa
- Íslenski lífeyrissjóðurinn
- Lífis lífeyrissöfnun



Landsbankinn

Betri banki

Innanhúsmót í knattspyrnu 2000

Föstudaginn 12. maí s.l. var haldið hið árlega mót LMFÍ í innanhúsknattspyrnu. Sem áður var mótið haldið í íþróttarhúsi Fram í Safamýrinni. Mættu til leiks fótfinnustu lögmenn landsins ásamt nokkrum fylgifiskum, en leyft var að nýta lögfræðinga, dómara og aðra sem ekki geta skreytt sig með titlinum lögmáður (þ.m.t. lögfræðingar Tollstjóraembættisins) sem uppfyllingarefni í lið lögmanna.

Skráðu 7 lið sig til leiks og var leikið með því fyrirkomulagi að allir léku við alla og réði samanlagður árangur því hvert liðanna teldist meistari.

Til leiks voru mætt öll helstu knattspyrnulið lögmanna og voru þau flestum kunn, svo sem hið aldurnhigna lið Þrumunnar sem leikið hefur knattspyrnu frá því að „Ómar hafði hár“.

Tvö lið voru þó ný eða létu svo líta út. Annað liðið bar það metnaðarfulla nafn „Varalið Stoke City“. Er betur var að gáð komust menn að því að lið þetta var skipað leikmönnum sem alla jafna taka þátt í knattspyrnumótum lögmanna, en hafa þann sið að breyta reglulega um nafn á liði sínu. Ástæða þess að liðið breytir stöðugt um nafn virðist eftir innanhúsmótið vera augljós, a.m.k. vildu fæstir vilja láta kenna sig við „Varalið Stoke City“ eftir þá útreið sem liðið fékk í móti.

Hitt liðið sem kom nýtt inn var lið Logos. Komu piltarnir frá Logos ákveðnir til leiks, í nýjum búningum og samstæðum sokkum þannig að samheldnin og fagurleg umgjörð fór ekki fram hjá nokkrum manni. Liðið stóð einnig öðrum liðum framur í skipulagi og hafði jakkaklæddan framkvæmdastjóra á hliðalínunni sem stýrði liðinu af festu. Segja má að liðið hafi í umgjörð og útliti verið öðrum liðum fremri og til eftirbreytni. Það varð nú samt þannig að árangur liðsins var stóðst ekki þær væntingar sem umgjörðin gaf til kynna og varð uppskera liðsins lítil er stigin voru talin saman í lok dags. Telur íþróttafréttaritari líklegt að liðið muni leita eftir að sameiningum við önnur lið fyrir næsta mót.

Grínarafélagið og Mörkin spiluðu síðasta leik mótsins sem réði því hvort liðið fengi

bronsverðlaun eða þriðja sæti í mótinu. Grínarafélagið sem lengi hefur verið í toppbaráttu í mótum lögmanna náði sér ekki á strik á mótinu og telja sumir að skýring þess sé of lítill léttleiki í liðinu, enda fór það svo að Mörkin hafði sigur í leiknum. Gengi Markarinnar var aðeins að þakka einum manni, Gunnari Eltoni Jónssyni, sem gerði allt fyrir liðið. Í vörninni varði hann mark þess af einstakri snilld og í sókninni skoraði hann þau mörk sem liðið skoraði. Enginn má þó við margnum og þó Gunnar Elton drægi vagninn af ákafa var lestin einfaldlega of þung og því varð þriðja sætið hlutskipti liðsins. Fréttaritari ber þá einlægu von í hjarta að eftir þessa hlýlegu dóma um Gunnar hafi gróið um heilt með Lögmannaþlaðinu og leikmanninum.

Eitt lið reyndist öðrum betri að þessu sinni og enn voru það drengirnir í Reynslu & Léttleika. Menn voru almennt sammála um það að jafnvægi reynslu og léttleika í liðinu hafi riðlast eftir því sem árin hafa liðið, en heldur þótti langt gengið í afréttingum á liðinu er það tefldi fram í upphafi móts hinum léttfætta bjargvætti Framara Antoni Birni í stað Jóns Steinars. Það var nú samt þannig að léttleikinn einn dugði liðinu ekki og eftir tap þess á móti Logos mætti eins og kallaður Jóns Steinar og rétti aftur hina hallandi skútu, þannig að hið hárfína jafnvægi milli reynslu og léttleika náðist sem dugði liðinu til sigurs. Segja sumir að það herbragði Jóns Steinars, að mæta til leiks er mótið var hálfnað hafi verið upphugsað á bökkum Svartár síðasta sumar, en það mun alkunna að best er að landa laxinum eftir að hann hefur verið þreyttur.

Íþróttafréttaritari.

Úrslit mótsins urðu annars þessi:

Röð:	Nafn:	U J T	Mörk	Stig	
1.	Reynsla og Léttleiki	5 0 1	24:7	+17	15
2.	Bolti.is	4 1 1	16:10	+6	13
3.	Mörkin og landsbyggðardr.	3 1 2	13:13	0	10
4.	Grínarafélagið	2 2 2	15:17	-2	8
5.	Logos	2 0 4	11:12	-1	6
6.	Þruman	1 2 3	10:19	-9	5
7.	Varalið Stoke City	1 0 5	17:28	-11	3

Sigurvegarar mótsins, Reynsla og Léttleiki, hampa verðlaunabikar mótsins. Liðsmenn (frá vinstri): Anton Björn Markússon, lögfræðingur., Bjarki H. Diego, bdl., Jón Steinar Gunnlaugsson, bdl., og Jón Ármann Guðjónsson, bdl.



Lið Lógós fékk sérstök verðlaun fyrir best klædda þjálfarann. Liðsmenn (efri röð frá vinstri): Othar Örn Petersen, bdl., (þjálfari), Óttar Pálsson, bdl., Óskar Sigurðsson, bdl., Þórólfur Jónsson, bdl., (neðri röð frá vinstri): Guðmundur Oddsson, bdl., Einar Baldvin Axelsson bdl. og Erlendur Gíslason bdl.

Jóhannes Albert Sævarsson, bdl. og Smári Hilmarsson, bdl. liðsmenn Grínarafélagsins, með verðlaunagripum mótsins, en þetta var einmitt þeirra eina tækifæri til að hampa gripnum að þessu sinni.



Fréttir frá félagsdeild LMFÍ

A **Sumarhús LMFÍ** félagsfundir Lögmannafélagsins í febrúar síðastliðinn var ákveðið að selja sumarhús félagsins í Lögmannshlíð og hefur bústaðurinn verið til sölu meðferðar hjá Lögmonnum á Suðurlandi. Viðunandi tilboð hafði ekki borist í húsið í lok maí og var ákveðið að leigja húsið út í sumar með fyrirvara um sölu. Bókuðust strax svo til allar vikur fram á haust. Lögmenn hafa spurt hvað taki við þegar bústaðurinn verður seldur. Ástæða sölnunnar er að sjálfsögðu sú að nýting á bústaðinum var mjög lítil nema yfir þessa þrjú mánuði á sumrin sem hiti fer yfir frostmark (vonandi). Kostnaður var hár við eftirlit og rekstur hússins og hefur bústaðurinn verið rekinn með tapi síðastliðin ár. Ýmsar hugmyndir hafa komið upp um nýjar leiðir í orlofsmálum svo sem með leigu á íbúð erlendis, skipulagðar golfferðir erlendis, kaup eða leigu á tjaldvagni eða fellihýsi, leigu á sumarhúsi frá öðrum félögum og fleira hefur komið fram. eru allar hugmyndir vel þegnar.

Netföng lögmanna

Í Lögmannafélagið eru nú skráðir 535 lögmenn. All flestir lögmenn eru búnir að tölvuþæðast og hefur félagið fengið um 80% af netföngum skráð í netfangaskrá. Enn eru nokkrir eftir (107) og hvetur félagið lögmenn sem ekki hafa skráð netföng sín hjá félaginu að hafa samband við skrifstofu félagsins og tilkynna um netföng. Fyrirhugað er á næstunni að auka enn frekar útsendingu á tölvupósti og má nefna að efni svo sem upplýsingar um námskeið, tilkynningar, fréttir og fleira verður nær eingöngu sent með rafrænum hætti þegar fram líða stundir. Einnig er í skoðun að breyta útsendingu á fréttabréfi fé-

lagsins á þá vegu að fréttabréfið verði sent með tölvupósti til þeirra sem hafa netföng en póstlagt á gamla mátann til þeirra sem ekki eru tölvuþæddir. Er um að ræða þó nokkurn sparnað í póstburðargjöldum fyrir félagið ef tölvupóstur verður nýttur meira en verið hefur.

WWW.lmfi.is

Eins og kynnt hefur verið er fyrirhuguð uppfærsla á heimasíðu félagsins. Vinnuhópur er farinn af stað með þarfagreiningu og má vænta ákvörðunar stjórnar um framhaldið þegar líður á sumarið. Hluta af núverandi heimasíðu hefur verið lokað og þá sérstaklega þeim sem snúa að félagatali og fleiri atriðum sem ekki hefur verið hægt að uppfæra af tæknilegum ástæðum.

Námskeið

Fræðslunefnd félagsdeildar Lögmannafélagsins hefur verið skipuð en í henni sitja: Ársæll Hafsteinsson hdl., formaður, Sif Konráðsdóttir hrl. og Arnór Halldórsson Hafstað hdl. Í haust eru fyrirhuguð fjölbreytt námskeið í samstarfi við Endurmenntunardeild Háskóla Íslands, Lögfræðingafélag Íslands og Dómarafélag Íslands. Einnig hefur verið ákveðið að félagsdeildin standi fyrir námskeiðum fyrir starfsmenn á lögmannsstofum sem snúi að ýmsum praktískum atriðum. Verða þau og fleiri námskeið kynnt síðar.

Í lok maí stóð félagsdeildin fyrir framhaldsnámskeiði með Dr. Sigrúnu Stefánsdóttur, fjölmiðlafræðingi þar sem farið var verklega í efnið „Samskipti lögmanna og fjölmiðla“ Alls höfðu 9 aðilar skráð sig á námskeiðið en því miður féllu alltof margir úr á síðustu tveimur dögum. Þeir fáu sem gátu nýtt sem námskeiðið voru afar ánægðir enda nánast um að ræða

einkakennslu hjá Dr. Sigrúnu. Þessi miklu afföll hafa orðið til þess að rætt var um að setja fastar reglur um skráningu og afskráningu á námskeið í framtíðinni.

Bestukjarasamningar

Tæplega tveir mánuðir eru liðnir frá kynningu félagsdeildar á samningum við birgja um afsláttarkjör. Eins og kynnt hefur verið verður öllum félögum í félagsdeild send mappu á næstunni sem mun innihalda upplýsingar um afsláttarkjörin og almennar upplýsingar frá birgjum um vörur og þjónustu. Mappan á að gefa lögmönnum og starfsmönnum sem sjá um innkaup upplýsingar um verð og vörur sem eru í boði eru fyrir lögmenn. Til stendur að bæta við fleiri fyrirtekjum og vöruflokkum. Til þess að afsláttarkjör fáist þarf að framvísa svokölluðu fyrirtækjakorti sem Europay Ísland í samvinnu við félagsdeildina býður lögmönnum. Var öllum lögmönnum sent umsóknareyðublað um kortið og einnig umsókn um Flugkort Flugfélags Íslands sem fylgir með ókeypis fyrsta árið. Hvetur félagsdeildin lögmenn til að sækja um kortin en það skal ítrekað að reikningsyfirlit er keyrt út mánaðarlega samfara reikningsútskrift þar sem sundurliðaður kostnaður við reksturinn er skilgreindur sérstaklega. Er þannig hægt að fylgjast með kostnaði vegna innkaupa mun betur en verið hefur á einu yfirliti.

Hér hefur verið tæpt á því helsta sem er í deigluinni en eins og minnst var á í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins standa yfir endurbætur á bókasafni félagsins. Meira verður sagt frá því í haust. Að lokum vil ég fyrir hönd félagsdeildar óska öllum lögmönnum og fjölskyldum þeirra góðs sumars.

Sérhæfð þjónusta fyrir fyrirtæki og sjóði

Ert þú að missa af hárrí ávöxtun vegna tímaskorts?



Þetta felst í Fjárvörslu hjá VÍB:

- Hárrí ávöxtun með eignastýringu og rétttri eignasamsetningu.
- Tímasparnaður hjá þeim sem bera ábyrgð á fjármunum.
- Sérniðin persónuleg fjárvörsluþjónusta – ákveðinn tengiliður, ákveðinn sjóðsstjóri.
- Greinargóðar upplýsingar og reglulegir samstarfsfundir.
- Eignayfirlit og ítarlegar upplýsingar á internetinu.
- Lágur kostnaður sem skilar sér í hárrí ávöxtun til viðskiptavina.
- Virtir erlendir samstarfsaðilar, Vanguard, Scudder og CICM.
- Val um 38 erlenda sjóði.

Leitaðu aðstoðar hjá sérfræðingum

VÍB

VERÐBRÉFAMARKAÐUR ÍSLANDBANKA
Kirkjusandi, 155 Reykjavík. Sími 560 8900.
Myndsendir: 560 8910. Veffang: www.vib.is

Daníel Arason
viðskiptastjóri á þjónustusviði.

Golfmót lögmanna sumarið 2000

Í sumar mun golfnefnd félagsdeildar LMFÍ standa fyrir nokkrum golfmótum eins og undanfarin ár. Um er að ræða tvö innanfélagsmót og þrjár keppnir við aðrar starfsstéttir. Sem fyrr er þátttaka opin öllum lögfræðingum.

Dagsetningar golfmótanna hafa verið ákveðnar og fyrirkomulag í aðalatriðum:

Fjórleikur við tannlækna

Keppnin fer fram í Grafarholti þriðjudaginn 4. júlí kl. 13:00.

Umsjónarmaður: Guðni Haraldsson, hrl.

Fjórleikur við lækna

Keppnin fer fram á Strandarvelli á Hellu sunnudaginn 16. júlí kl. 11:00.

Umsjónarmaður: Gestur Jónsson, hrl.

Fjórleikur við endurskoðendur

Keppnin fer fram á Korpúlfstaðavelli föstudaginn 27. júlí kl. 12:00.

Umsjónarmaður: Ólafur Axelsson, hrl.

Meistaramót LMFÍ

Mótið verður haldið föstudaginn 1. september kl. 12:00 á Nesvelli. Átján holu höggleikur með fullri forgjöf, þó að hámarki 24. Einnig verður keppt án forgjafar. Sigurvegari með forgjöf telst félagsmeistari.

Umsjónarmaður: Örn Höskuldsson, hrl. Þátttaka tilkynnist umsjónarmanni fyrir lok vinnudags 31. ágúst.

Reglulegt lögmanna golf

Holukeppnin verður ekki haldin þetta árið. Hennar í stað hefur verið ákveðið að gera tilraun til þess að hafa reglulegt lögmanna-golf með því að taka upp fastan golf tíma fyrir lögfræðingahópinn í sumar, þannig að þeir sem hafa áhuga geti gengið að félögunum vísun á ákveðnum stað og stundu. Vellirnir verða Grafarholtsvöllur og Korpan til skiptis á hálfmánaða fresti.

Tímabilið er júní til september og hófst föstudaginn 2. júní, næsta golf verður föstudaginn 30. júní kl. 13:00 í Grafarholti og svo koll af kolli.

Nauðsynlegt er að áhugasamir skrifi í dagbók sína strax tíma og völl út tímabilið þannig að kerfið ruglist ekki hjá þeim.

Nánari upplýsingar

Eins og venjulega verður reynt að gera ráðstafanir til þess að hægt verði að ræsa út á öllum brautum samtímis, þ.e. þannig að allir keppendur hefji leik á sama tíma. Með því móti ætti að gefast stund fyrir alla þátttakendur til þess að setjast saman í skála að leik loknum og ræða atburði dagsins.

Við töpuðum fyrir endurskoðendum og tannlæknum í fyrra en höfðum sigur gegn læknum. Við þurfum að gera betur í sumar. Til

Úrslit Golfmóts – Guðmundarbikararinn

GUÐMUNDARBIKARINN-minningarmót um Guðmund Markússon, hrl.-árið 2000 var háð á Hvaleyrarvelli, Hafnarfirði, föstudaginn 9. júní s.l. Þátttaka var ágæt eða alls 26 keppendur, þ.á.m. „gamli“ golffélagar Guðmundar heitins, sem ekki eru juristar, en þeim hefur verið boðið að vera með s.l. ár.

Undanfarin ár hefur mótið farið fram við taslvert erfið veðursskilyrði, rok og rigningu, en nú brá svo við, að veðrið var gott megin hluta keppinnar þótt vætan minnti hressilega á sig um tíma.

Úrslit voru þessi:

Án forgjafar:

1. Þorvaldur Jóhannesson, hdl.,	76 högg
2. Gísli Hall, hdl.	78 –
3. Jakob Gunnarsson, hagfr.	80 –

Með forgjöf:

1. Jakob Gunnarsson, hagf.	69 högg
2. Þorvaldur Jóhannesson, hdl.	69 –
3. Jóhannes K. Sveinsson, hrl.	70 –

Sigurvegari og handhafi GUÐMUNDARBIKARSINS 2000 er því Jakob Gunnarsson, hagfræðingur í Seðlabanka Íslands, en hann lék seinni níu holurnar á alls 37 höggum, en Þorvaldur Jóhannesson, hdl., á alls 38 höggum.

Ólafur Gústafsson, hrl.

Þess að þurfa okkar bestu menn að vera klárir í þessa leiki. Hér með er skorað á þá að færa keppnisdagana vel og rækilega í dagbækur sínar þannig að ekki sé hætt á að þeir lendi í laxveiðitúrum, utanlandsferðum eða öðrum óþarfa á sama tíma.

Stundum hafa lögfræðingar reynst fúsari til þess að mæta til leiks en andstæðingarnir. Þegar svo stendur á þarf að ákveða hverjir keppi og hverjir spili sér einingis til ánægju. Svona ákvarðanir eru erfiðar því flestir mæta til þess að fá að vera með í keppninni. Golfnefndin hefur ákveðið að sú regla skuli gilda, ef fleiri mæta til leiks en þörf er á í keppnislið, þá skuli forgjöf ráða, þ.e. lægri forgjöf hafi forgang.

Með kveðju frá sjálfskipaðri golfnefnd félagsdeildar LMFÍ.



F. v. Jóbannes K. Sveinsson, brl., með soninn Sigurkarl Róbert Jóhannesson sem er tveggja ára, Jakob Gunnarsson, bagfræðingur, handbafi Guðmundarbikarsins í ár (og einnig 1999), Þorvaldur Jóhannesson, bdl. og Gunnar Jónsson, brl., sem tók við verðlaunum f.b. félaga síns Gísla Hall, bdl., sem var fjarverandi við mótsslið.



Lánstraust hf. og Þróun hf. hafa gert með sér samning um kaup Lánstrausts hf. á Réttarríkinu og Lagasafni Íslands AG. Lánstraust hf. mun halda starfsemi Réttarríkisins og Lagasafnsins áfram en áætlað er að einhverjar breytingar muni eiga sér stað. Hverjar þær verða mun kynnt síðar.

Lánstraust hf. vonast eftir áframhaldandi góðu samstarfi við lögmenn og er opið fyrir nýjungum sem fela í sér bættu þjónustu.

Áskrifendum er bent á að hafa samband við Lánstraust hf., í síma 550 9600, ef óskað er þjónustu eða nánari upplýsinga.

Lánstraust hf. Þverholti 14, 105 Reykjavík. Sími 550 9600 Fax 550 9601



fyrirtækjakortið

Icelandair og MasterCard

- sundurliðun ferðaútgjalda
- allar tryggingar vegna viðskiptaferða
- bílaleigutrygging
- betri aðstaða í viðskiptaferðum
- skráður handhafi Fyrirtækjakorts fær sérstakt einka Gullkort
- korthafi fær 8.000 ferðapunkta og 2.000 kortapunkta við útgáfu

EUROPAY Íslandi og Icelandair bjóða fyrirtækjum kreditkort, sniðið að þörfum athafnalífsins, Fyrirtækjakort. Notkun kortsins hefur í för með sér aukid hagræði hjá fyrirtækjum, sparnað og skilvirkara eftirlit með ferðaútgjöldum. Handhafi kortsins nýtur betri aðstöðu í viðskiptaferðum og korthafi, sem er í Vildarklúbbi Icelandair, fær að auki ferðapunkta samkvæmt reglum Vildarklúbbsins.

Láttu Fyrirtækjakortið auðvelda þér að halda utan um reksturinn.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð hjá Europay Íslandi í síma 550 1555 og hjá söluskrifstofum Icelandair í síma 5050 100.



Corporate

ICELANDAIR